

STARFSREGLUGJÖRÐ

54

4. okt.

við

samninginn um áskrift á blöðum og tímaritum milli Íslands og Noregs.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Noregi eru orðnar ásáttar um að við áskrift á blöðum og tímaritum skuli gilda eftirfarandi ákvæði.

I. gr.

Hvor póststjórnin um sig tilkynnir hinni viðskiftapósthús þau, sem hún hefir ákveðið til gagnkvæmra viðskifta.

Pósthús þessi skrifast beint á sín á milli um allt, sem lýtur að póststarfinu við áskrift.

II. gr.

1. Póststjórnirnar senda hvor annari skrá yfir blöð þau, sem hægt er að skrifa sig fyrir með þeirra hjálp ásamt upplýsingum um áskriftarskilyrði, meðalþyngd hvers blaðs í grömmum, og kaupverði, þar í innifalið innanríkisburðargjald og umboðsgjald, ef svo ber undir. Kaupverðið skal sett í mynt landsins sem útvegar blöðin.

Breytingar á þessari skrá skulu tilkynntar þegar í stað.

2. Póststjórnirnar láta þar að auki, hvor aðra vita um blöð, sem bönnuð eru.

III. gr.

Eftir skrám þeim, sem sendar eru samkvæmt næstu grein á undan, útbýr hvor póststjórn um sig aðalgjaldskrá, er innihaldi upplýsingar um blöðin, áskriftarskilyrðin og verðið, sem áskrifandi á að borga. Verð þetta, sem er samsett samkvæmt 4. gr. samningsins, skal tilgreint í löglegri mynt landsins, sem gefur gjaldskrána út.

IV. gr.

1. Áskriftartímabilin ná yfir:

1 ár frá 1. janúar,

$\frac{1}{2}$ — — 1. janúar og frá 1. júlí,

$\frac{1}{4}$ — — 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

54
4. okt. Undantekning frá þessu ákvæði eru þó leyfð, þegar um er að ræða blöð eða tímarit, sem koma út endrum og sinnum eða ekki að staðaldri; má þá skrifa sig fyrir þeim fyrir þann tíma, sem um er að ræða, án þess að vera bundinn við dagsetningar þær, sem að ofan getur.

2. Póststjórnirnar geta komið sjer saman um, að leyfa mánaðar og tveggja mánaða áskrift.

3. Pósthúsin veita þeim áskrifendum, er ekki hafa pantað í tæka tíð, aðstoð sína ef þeir óska þess, til þess að ná í eintök þau, sem þegar eru komin út, ef það er hægt.

V. gr.

1. Undir lok hvers ársfjórðungs taka viðskiftapósthúsin upp á skrá áskriftarbeiðnir þær, sem þeim hafa borist innanlands frá. Skal skrá þessi vera komin til tilsvareandi viðskiftapósthúss á hæfilegum tíma, svo að hægt sje að afgreiða áskriftirnar frá þeim degi, er þær ganga í gildi.

Beiðnir þær, sem koma eftir að búið er að senda aðalskrána, skal taka upp á sjerstaka skrá. Sama gildir og um beiðnir þær, sem fram koma á milli hinna vanalegu endurnýjunartímabila.

2. Skrárnar skulu tölusettar með áframhaldandi númeri yfir árið. Í lok hverrar skráar skal taka upp eldri pantanir þannig, að þær, fyrir hvert blað, sýni aðalupphæð áskriftanna, sem beðið er um frá einu og sama viðskiftapósthúsi.

VI gr.

Á Íslandi eru blöðin aðeins flutt til viðkomustaða skipa og afhent þar. Blöðin skulu send í pökkum og skrifað utan á þá til ákvörðunarpoðthúsanna. Þakkarnir skulu merktir með „Abonnements-poste“ eða tilsvareandi áletrun.

VII. gr.

Þegar áskrift er flutt gegn 50 auru föstu gjaldi, skal farið að sem hjersegir :

Beiðni um flutning á áskrift skal gilda frá ákveðnum degi um óákveðinn tíma, og er því aðeins tekin til greina, að beðið sje um flutning á blaðinu eða tímaritinu í einn stað, en ekki ef samtímis er beðið um flutning í marga staði, hvern á eftir öðrum.

Beiðnina sendir pósthús fyrverandi ákvörðunarstaðar til hlutaðeigandi viðskiftapósthúss innanlands, en það skýrir aftur hlutaðeigandi pósthúsum frá því, eins fljótt og auðið er.

Flutningsgjaldið greiðist með frímerkjum, sem límist á beiðnina.

Þegar beðið er um áskrift á blaði, sem ekki er á skránni, snýr hlutað- eigandi viðskiftapósthús sjer til viðskiftapósthúss þess, sem það er í sambandi við, til þess að fá nauðsynlegar upplýsingar. Það getur þó engu að síður orðið við áskriftarbeiðninni þegar í stað gegn því að gera upp eftir á við hlutaðeig- anda, sem þó er skyldugur til að borga fyrirfram, eftir því sem þörf krefur.

54
4. okt.

VIII. gr.

Verði töf á sendingu blaða, hún falli niður eða blöðin verði skakkt send, þá skal tilkynna það þegar í stað, sem og hverskonar óreglu sem fyrir kann að koma í pósthúsinu við áskrift á blöðum, bæði til viðskiftapósthússins eða, ef svo ber undir, sendipósthússins og aðalpósthjónnanna, sem hafa beðið um það.

Umkvörtunum skal gefinn gaumur þegar í stað.

IX. gr.

Hætti útgefandi um stundarsakir eða með öllu að gefa blaðið út, skulu pósthjónnirnar, að svo miklu leyti sem þær geta, aðstoða áskrifendur í því að fá endurgreiðslu á blaðverðinu fyrir þann tíma, sem pöntunin hefir ekki verið afgreidd.

X. gr.

1. Jafnskjótt og ætla má, að ársfjórðungspöntunum sje lokið og í síð- asta lagi þann 20. annars mánaðar ársfjórðungsins, skal sjerhvert viðskiftapóst- hús, ef ekki öðruvísi er ákveðið, útbúa til pósthúss þess, sem það skiftir við, sjerstakan reikning. Á reikning þennan færir það, eftir stafrófsröð og áskriftar- tímabilum, öll blöð, sem afgreidd hafa verið, síðan næsti reikningur á undan var búinn til. Ef þörf krefur má búa út viðbótarreikning á þriðja mánuði árs- fjórðungsins.

Áskriftarpantanir, sem koma eftir lok hins sjerstaka reiknings, eða, ef svo ber undir, viðbótarreikningsins, skulu færðar í næsta ársfjórðungsreikningi.

2. Sje ekki öðruvísi umsamið, skulu upphæðir þær, sem skuldast fyrir að útvega áskrifendum einstök eintök eða fyrir að senda blöð til annara landa, sakir þess að áskrifendur hafa flutst búferlum, teknar upp til reikningsjafn- aðar í ársfjórðungsreikningunum.

XI. gr.

1. Nema öðruvísi sje umsamið, skulu reikningar beggja aðila athugaðir og jafnaðir áður en ársfjórðungur sá, er þeir eiga við er runninn út.

Reikningar beggja aðila greiðast með óskertri fjárhæð sinni án frádráttar af gagnkvæmum reikningum.

Mismunur, sem fram kemur, er jafnaður í næsta ársfjórðungsreikningi.

2. Ef nauðsyn krefur má heimta afborganir mánaðarlega.

54
4. okt.

XII.

Reglugjörð þessi gildir frá þeim degi, er samningurinn um áskrift á blöðum og tímaritum gengur í gildi.

Hún skal gilda jafnlengi og tjeður samningur, nema hún verði endurnýjuð með sameiginlegu samþykki beggja aðila.

Samin í tveim eintökum.

Reykjavík, 10. ágúst 1923

S. Briem.

(L. S.)

Kristjánú, 28. júlí 1923

Hin norska pósthjórn.

Sommerschild.

(L. S.)

Klaus Helsing.